

**4. Fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017**  
**haldinn í utanríkisráðuneytinu miðvikudaginn 7. júní 2017 kl. 14:00**

*Fundargerð*

**Mættir:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður  
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur  
Birgitta Jónsdóttir – Píratar  
Vilhjálmur Bjarnason – Sjálfstæðisflokkur  
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð  
Jón Steindór Valdimarsson -Viðreisn  
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Krossinn á Íslandi  
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið  
Alda Lóa Leifsdóttir – Sól í Tógó  
Hrafnhildur Sverrisdóttir – Rauði Krossinn á Íslandi  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir – Háskóli Íslands  
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands  
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Sturla Sigurjónsson (sendiherra), Urður Gunnarsdóttir (fjölmíðlafulltrúi), og María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri).

Nichole Leigh Mosty (Björt framtíð), Guðjón Brjánsson (Samfylkingin), Ragnar Schram (SOS Barnaþorp), Bjarni Gíslason (Hjálparstarf Kirkjunnar), Erna Reynisdóttir (Barnaheill), Hanna Eiríksdóttir (UN Women), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst) og Tumi Tómasson (Sjávarútvegsskóli HSP) boðuðu forföll.

**Nefndarritarar:**

Ágúst Már Ágústsson  
Hildigunnur Engilbertsdóttir

**7. fundur þróunarsamvinnunefndar**

**1. Fundur settur**

Formaður bauð nefndina velkomna til sjöunda fundar hennar og greindi frá því að fundargerð sjötta fundar yrði send fyrir lok vinnudags föstudaginn 9. júní og fái fulltrúar nefndarinnar 10 daga til að gera athugasemdir við fundargerðina.

**2. Kynning stýrihóps um framtíð utanríkisþjónustunnar**

Formaður stýrihópsins kynnti fyrir nefndinni hlutverk, samsetningu og verklag hópsins. Stýrihópurinn hefur haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila, s.s. Alþingi, fræðasamfélagið, atvinnulífið og borgarasamtök. Skipaðir voru starfshópar sem endurspegluðu efnislegar áherslur utanríkisráðherra, þ. á m. alþjóðlega þróunarsamvinnu, en allir starfshópar skiluðu framlögum til stýrihóps 2. maí sl.

Stýrihópurinn lagði áherslu á að hlutverk hópsins sé ekki að móta nýja utanríkisstefnu né að hafa áhrif á framlög til utanríkisþjónustunnar. Tilgangurinn sé að greina hvernig utanríkisþjónustan geti orðið skilvirkari í framkvæmd utanríkisstefnunnar innan núverandi fjárlagaramma.

Stýrihópurinn stefnir að því að skila tillögum til ráðherra í ágúst 2017 og í framhaldinu af því fær hópurinn tækifæri til að vinna að framkvæmdaáætlun.

### 3. Umræður

Fulltrúar nefndarinnar inntu eftir nánari útskýringu á verklagi stýrihópsins og hlutverki nefndarinnar í því ferli. Þótti nefndinni erfitt að leggja fram tillögur eða ábendingar án nægjanlegrar vitneskju um ferlið.

Formaður stýrihópsins greindi frá því að stýrihópurinn hefði kynnt hlutverk sitt og verklag fyrir fjölda aðila m.a. utanríkismálanefnd í lok apríl og fulltrúum borgarasamtaka. Hlutverk stýrihópsins sé ekki að mæla með stefnubreytingu heldur að leggja fram breytingartillögur um framkvæmd utanríkisþjónustunnar innan núverandi fjárlagaramma og utanríkisstefnu. Fulltrúar nefndarinnar lýstu yfir áhyggjum yfir verklagi stýrihópsins sökum þess að fulltrúi í nefndinni, sem einnig er formaður samstarfshóps íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, hafði ekki fengið boð á fund stýrihópsins.

Stýrihópurinn greindi frá því að í kjölfar hrunsins hefðu framlög til utanríkisþjónustunnar verið skorin niður um 30 prósent. Í því samhengi bentu fulltrúar nefndarinnar á að ekki væri æskilegt fyrir stýrihópin og utanríkisþjónustuna í heild sinni að gera engar kröfur um aukið fjármagn til utanríkisráðuneytisins, en stýrihópurinn starfar nú innan 0% vaxtarramma.

Fulltrúar nefndarinnar lögðu áherslu á mikilvægi þess að auka pólitísk tengsl við lönd í Afríku. Þetta væri með alþjóðlega pólitíska hagsmuni Íslands í huga, en 53 af 193 ríkjum Sameinuðu þjóðanna eru í álfunni.

Fulltrúar í nefndinni lögðu áherslu á mikilvægi fríverslunar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og lagði til að Ísland myndi beita sér í gegnum EFTA til að fjölga fríverslunarsamningum við þróunarlönd.

*Nefndin ákvað* að senda stýrihópi tillögur um mögulegar úrbætur í framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

*Nefndin ákvað* að senda bréf til ráðherra þar sem óskað er eftir því að þróunarsamvinnunefnd fái tækifæri til að rýna í niðurstöður stýrihóps áður en þær eru lagðar fyrir ráðherra og/eða gerðar opinberar. Er það í anda yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um aukið samráð og bættu stjórnarsýslu. Nefndin mun einblína á þróunarsamvinnu þegar kemur að því að veita umsögn um niðurstöður stýrihópsins.

*Nefndin ákvað* að formaður og ritarar nefndarinnar myndu senda á nefndina drög að tillögum til stýrihóps og bréfi til ráðherra fyrir lok vinnudags fimmtudaginn 8. júní. Fulltrúar nefndarinnar hafa frest til lok vinnudags þriðjudaginn 13. júní til að gera athugasemdir við drögin.

#### Tillögur:

Nefndin leggur til að Ísland beiti sér enn frekar í gegnum EFTA til að fjölga fríverslunarsamningum við þróunarlönd, enda geti fríverslun spilað mikilvægt og jákvætt hlutverk í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Í þeim samningum verði einkum horft til hagsmuna þróunarríkjanna til þess að geta flutt út framleiðsluvörur sínar, sem oftast en ekki eru landbúnaðarafurðir. Í þessu samhengi skuli, líkt og ævinlega, framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum, m.a. á sviði umhverfismála, mannréttinda og atvinnumála.

Nefndin leggur til að framkvæmdavaldið og Alþingi auki samstarf á alþjóðasviði, m.a. með því að nýta betur vettvang alþjóðþingmannasambandsins (IPU), og eftir atvikum annað alþjóðlegt samstarf sem íslenskir þingmenn eiga aðild að.

Nefndin leggur til að utanríkisþjónustan nýti enn betur þekkingu og reynslu borgarasamtaka.

Nefndin leggur til að utanríkisráðuneytið auki sérstaklega pólitísk tengsl við lönd í Afríku, en þangað hefur þróunaraðstoð Íslands einkum verið beint.

Nefndin leggur mikla áherslu á að þróunarsamvinna hafi skýr markmið, vel skilgreindar leiðir og ferla til þess að ná þeim markmiðum og síðast en ekki síst að skilgreindir verið mælikvarðar.

Jafnframt óskar nefndin eftir því að fá tækifæri til að rýna í niðurstöður stýrihóps áður en þær eru lagðar fyrir ráðherra og/eða gerðar opinberar.

#### **4. Önnur mál**

Það kom til tals sú hugmynd að Birgitta Jónsdóttir myndaði teymi innan þróunarsamvinnunefndar sem fjallaði einungis um kynningarmál og bæri fram mögulegar tillögur um hvernig auka mætti sýnileika alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Nefndin tók vel í þessa hugmynd.

Formaður nefndarinnar hvatti fulltrúa til að sækja kynningarfund um niðurstöður jafningjarýni DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 19. júní kl. 12:00 í Þjóðmenningarhúsinu. Utanríkisráðherra og Charlotte Petri Gornitzka, formaður DAC, munu kynna rýniskýrsluna og sitja fyrir svörum.

Ritarar nefndarinnar munu reyna eftir fremsta megni að tryggja að nefndin fái fundargerðir almennt 10 dögum fyrir næsta boðaða fund.

*Ákveðið* var að nefndin skyldi funda aftur í lok ágúst eða byrjun september 2017.

*Ákveðið* var að á næsta fundi myndi nefndin: 1) fá kynningu frá þróunarsamvinnuskrifstofu um skilgreiningu DAC á framlögum til opinberrar þróunarsamvinnu (ODA); og 2) ljúka við umsögn nefndarinnar vegna DAC rýnnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:45